

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík.

Neskaupstað, 20. mars 2017

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt.

Ráðuneytið hefur á vef sínum óskað eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt.

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna endurnýjun laga um skógrækt og þeirri áherslu sem náttúruskógar og líffræðileg fjölbreytni fá í frumvarpinu.

SNS bendir á að mikilvægt er að tilgreint verði í frumvarpinu að ekki verði notaðar ágengar tegundir við skógrækt á Íslandi. Er það í samræmi við það markmið laganna að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og í samræmi við alþjóðasamninga um náttúruvernd sem Íslendingar hafa fullgilt.

Í 6.gr segir að „ráðherra skipi fimm manna verkefnisstjórn“. Mikilvægt er að gerðar séu kröfur um fagþekkingu innan slíkrar verkefnisstjórnar og því væri skynsamlegt að hlutaðeigandi fagstofnanir tilnefndu fulltrúa í verkefnisstjórn.

Fjallað er um mikilvægi þess að auka þekkingu á skógum og skógrækt og stunda rannsóknir á þessu fræðasviði í ýmsum köflum og greinum frumvarpsins. Við fögnum því og leggjum til að aukin áhersla á rannsóknir á sviði skóga og skógræktar verði eitt af markmiðum laganna.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Ágústsdóttir, formaður SNS
